

Fimmtudaginn 16.mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 7/2023.

HRFÍ

gegn

xxx

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 5.desember 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærði hafi gerst brotlegur við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 21.03.2022 kom í ljós að xx rakkinn var ekki með gilda augnskoðun fyrir pörun. Eigandi rakkans er xxx Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er xx.

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram. xx undaeldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 25.janúar 2023 og honum gefin fjögurra vikna andmælafrestur. Engin andmæli bárust frá kærða. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa parað rakkann xx án þess að fyrir lægi gilt augnvottorð.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

#### IV. Niðurstaða

Kærði telst hafa gerst brotlegur við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærði hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar

---

Arnheiður Runólfsdóttir

---

Sunna Birna Helgadóttir

---

Selma Olsen